




Alþýðusamband Íslands

Matvörukjarfan hækkað um rúman fjórðung á sl. ári.

Matvöruverð hefur hækkað um rúman fjórðung síðustu 12 mánuði.

Þegar skoðuð er breyting á verði vörukörfu ASÍ frá maí í fyrra má sjá að karfan hefur hækkað mest hjá lágvöruversluninum eða frá 20%-31%, í klukkuverslunum er hækkunin 20%-28% og þjónustuverslanir hafa hækkað verðin frá 12%-21%.

Vörukjarfa ASÍ Breyting í vísitöluformi, frá maí 2008 - maí 2009



Af þeim tíu verslunarkeðjum þar sem verð vörukörfunnar er mælt hefur verðið hækkað mest í Kaskó, um 31% frá því í maí 2008 og um 26% í Nettó. Í Bónus hefur karfan hækkað um 25% og í Krónunni um 20%.

Í klukkuþúðunum hefur verð körfunnar hækkað mest í Samkaupum-Strax eða um 28% frá því fyrir ári síðan. Í 11-11 nemur hækkunin 23% og í 10-11 hefur vörukjarfan hækkað um 20%.

Í þjónustubúðunum hefur karfan hækkað mest í Samkaupum-Úrval um 21% en minnstar hækkunir á vörukörfunni á tímabilinu eru hjá Hagkaupum 12% og 15% í Nóatúni.

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglað almenn innkaup meðalheimilis. Vörukarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðalheimilis. Verðbreytingar eru skoðaðar í eftirfarandi verslanakeðjum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni, Nettó og Kaskó og í almennu matvöruverslununum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrval og Klukkubúðunum 10-11, 11-11 og Samkaupum-Strax.

Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli vikna. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ.